

um endurskoðun á reglum um unglingsfræðslu utan kaupstaða.

Flm.: Björn Pálsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gefa út nýja reglugerð um unglingsfræðslu utan kaupstaða, þar sem m. a. séu ákvæði um eftirtalin atriði:

- a. Aðstoð vegna ólögboðinnar unglingsfræðslu utan kaupstaða verði aukin þannig, að kennarar við hana njóti svipaðra launakjara og við hliðstæða skóla í kaupstöðum, enda sé lágmarkstala nemenda ákveðin.
- b. Ákveðið verði um skiptingu á kostnaði við milliferðir, húsnæði o. fl. milli nemenda, sveitarfélaga og ríkissjóðs.
- c. Reglur verði settar um námsgreinar og próf, sem tryggja það, að unglingsfræðslan í heimangönguskólum sé hliðstæð og í tveimur fyrri bekkjum gagnfræðaskóla og miðskóla.

Greinargerð.

Árið 1946 voru samþykkt lög um fræðslumál. Samkvæmt þeim lögum var unglingum í kaupstöðum og stærri kaupsýnum skylt að stunda nám í 2 vetur að loknu barnaprófi, nema undanþága væri veitt til styttri fræðsluskyldu. Þessari námskyldu hefur ekki enn verið komið á í flestum sveitahreppum og fámennari kaupsýnum.

Skólanám unglings hefur mjög aukizt síðan 1946. Kröfur til menntunar nú eru meiri vegna vaxandi vinnutækni, og efnahagur fólks hefur batnað, svo að auðveldara er fyrir foreldra að aðstoða börn sín til náms. Gagnfræðaskólar og miðskólar með landsprófi hafa verið stofnaðir í kaupstöðum og nokkrum kaupsýnum. Gerbreytir það námsaðstöðu unglings á viðkomandi stöðum. Ódýrara er að búa á heimilum foreldra og betra fyrir óþroskaða unglings að geta dvalizt í heimahúsum. Unglingar í sveitum og fámennari kaupsýnum hafa hins vegar aðra og lakari námsaðstöðu. Í nokkrum byggðarlögum eru héraðsskólar, þar sem unglings geta lokið gagnfræðaða landsprófi. Þessir skólar eru of fáir, svo að mörgum unglingum þarf árlega að neita um skólavist.

Ríki og sveitarfélög hafa ekki enn lagt fram nægilegt fé, svo að hægt sé að veita öllu æskufólki landsins skólavist. Úr þessu hefur ofurlítið verið reynt að bæta með unglingskólum í þorpum. Fjárveiting til þeirra hefur vægast sagt verið mjög takmörkuð, og reglugerðarákvæði um þá eru algerlega ófullnægjandi, sem eðlilegt er. Skólaárið 1961—62 hafa 95 nemendur fengið tilsögn í slíkum skólum, og styrkur frá ríkinu nam það ár 165 þús. kr., eða 1740 kr. á nemanda. Á fjárlögum 1963 er fjárveiting til héraðsskóla, sem hafa um 100 nemendur, nálægt 1 millj. kr., eða 10000 kr. á nemanda. Hér er því um ósamræmi að ræða. Það er óverjandi, að ríki og byggðarlög búi ekki þannig að æskufólki, að skilyrði til menntunar geti verið sem líkust, eftir því sem við verður komið, án tillits til þess, hvar fólkið er búsett.

Unglingskólar eru of fáir og litlar líkur til, að úr því verði bætt til fulls næstu árin. Með tilliti til bættra samgangna er gerlegt í ýmsum byggðarlögum að starfrækja heimangönguskóla fyrir unglings. Það verður samt ekki gert, nema fjárráð séu nægileg, til þess að unnt sé að fá hæfa kennara og gera aðstöðu að öðru leyti viðunandi. Flestir foreldrar kjósa frekar að þurfa eigi að senda 13—15 ára unglings til fjarlæggra staða til náms, ef kostur væri, að þeir gætu notið hliðstæðrar menntunar í heimasveit. Slíkt mundi og hafa minni kostnað í för með sér, en fjárráð flestra eru takmörkuð, a. m. k. þar til þeir hafa náð þeim aldri að geta unnið fyrir námskostnaðinum. Þó að ríkið styrkti unglingskóla mun meira en verið hefur, mundi kostnaður við hvern nemanda verða minni en á heimavistarskólum. Báðir aðilar gætu því hagnaizt.

Með reglugerð þarf að ákveða um skyldur og réttindi kennara og nemenda við heimangönguskóla, enda eðlilegt, að aukinni aðstöð fylgi meira eftirlit. Tryggja þarf, að námstilhögun og námsárangur verði eigi lakari en í gagnfræðaskólunum, þannig að unglingsarnir gætu farið úr heimangönguskólum í efri bekkir gagnfræðaða og miðskóla.